



UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM OG INNTÖKUKRÖFUR

Samráðsfundur Háskóla Íslands og stjórnenda framhaldsskólanna 10. maí 2021
Jón Atli Benediktsson, rektor






- Stjórnarfrumvarp um breytt inntökuskilyrði háskóla er til meðferðar á Alþingi
 - Öll próf á þriðja hæfniprepi uppfylli almenn inntökuskilyrði háskóla
- Markmið stjórnvalda er að jafna stöðu bóknáms og verknáms



FRUMVARP UM INNTÖKUSKILYRÐI HÁSKÓLA

- Einungis 5% af staðfestum brautum á þriðja hæfniprepi, öðrum en stúdentsprófsbrautum, gera kröfu um íslensku og ensku á þriðja hæfniprepi. 12% þeirra gera enga kröfu um íslensku eða ensku.
- Að mati HÍ vantar töluvert upp á að þessar námsbrautir veiti nemendum fullnægjandi undirbúning fyrir nám á háskólastigi.
- Að mati HÍ ættu almennu inntökuskilyrðin að vera í lögum en undanþágur í sérreglum.

- 
- Önnur próf á þriðja hæfniprepi en stúdentspróf geta veitt afmarkaðan aðgang, innihaldi þau þann einingafjölda sem krafist er í grunngreinum.
 - Heimild til að veita undanþágur frá formlegum inntökuskilyrðum verða áfram til staðar í reglum HÍ.



ÖNNUR PRÓF Á ÞRIÐJA HÆFNIÞREPI - AFSTAÐA HÍ



Markmiðið er að standa vörð um gæði náms við HÍ með því að:

- 1) Tryggja að undirbúningur nemenda sem teknir eru inn í HÍ sé fullnægjandi
- 2) Að inntökuskilyrði HÍ samsvari inntökuskilyrðum sambærilegra erlendra háskóla

SJÓNARMÍÐ HÍ VARÐANDI INNTÖKU NEMENDA





“Styrkur hins íslenska stúdentsprófs, og um leið sérstaða þess, hefur legið í því að námið er almennt og víðfeðmt og veitir að jafnaði góðan almennan undirbúning fyrir líf og starf.”

STYRKUR ÍSLENSKA STÚDENTSPRÓFSINS





- Í undirbúningi fyrir nám á háskólastigi þarf að felast:
 - Góður undirbúningur í þeim grunngreinum sem eru forsendur þess að nemandinn geti tekist á við nám á háskólastigi, íslensku (að lágmarki 10 feiningar á þriðja þrepi), ensku (að lágmarki 10 feiningar á þriðja þrepi), stærðfræði (á þriðja hæfniprepi fyrir flestar greinar), þriðja tungumáli (fyrir hugvísindagreinar).
 - Innsýn í greinar af öllum helstu fræðasviðum, s.s. raungreinar, félagsgreinar, sögu. Þarna undir mætti einnig setja greinar eins og siðfræði og fjármálalæsi til að búa nemendur undir lífið að loknu námi.

HVAÐ ÞARF PRÓF SEM VEITIR ALMENNAN AÐGANG AÐ
HÁSKÓLANÁMI AÐ INNIHALDA?





- Einungis hluti nemenda í námi til stúdentsprófs hefur gert upp við sig í hvaða nám hann ætlar á háskólastigi.
- Þá er algengt að nemendur skipti um skoðun þegar að háskólanámi kemur.
- Of sérhæfður undirbúningur á stúdentsbrautum kann að torvelda val nemenda þegar kemur að háskólanámi.
- Þó nokkrar námsbrautir á háskólastigi eru þverfræðilegar, það kallar enn frekar á að nemendur hafi breiðan almennan undirbúning frekar en sérhæfðan.

HVAÐ ÞARF PRÓF SEM VEITIR ALMENNAN AÐGANG AÐ
HÁSKÓLANÁMI AÐ INNIHALDA?



- Til að takast á við nám á háskólastigi þurfa nemendur góða færni í að tjá sig í rituðu máli og að geta lesið og skilið flókna texta á ensku.
- Um það bil 90% lesefnis í námskeiðum við HÍ er á ensku.
- Rannsóknir á stöðu ensku á Íslandi gefa vísbendingar um að um þriðjungur þeirra nemenda sem lokið hafa stúdentsprófi eigi í erfiðleikum með að skilja námsbækur á ensku í háskólanámi sínu (Anna Jeeves, 2010; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010).

HVAÐ ÞARF PRÓF SEM VEITIR ALMENNAN AÐGANG AÐ
HÁSKÓLANÁMI AÐ INNIHALDA?



- Samkvæmt lögum um háskóla veitir stúdentspróf almennan aðgang að háskólanámi.
- Framhaldsskólarnir standa vörð um styrkleika stúdentsprófsins.
- Framhaldsskólar tryggja að í stúdentsprófsbrautum felist almennur undirbúningur sem geti gagnast nemendum til náms á nánast hvaða braut sem er á háskólastigi.

HVAÐ ÞARF PRÓF SEM VEITIR ALMENNAN AÐGANG AÐ
HÁSKÓLANÁMI AÐ INNIHALDA?





Stúdentsprófið skal ekki telja færri en 200 fein. og þar af innihalda að lágmarki:

- 20 fein. í ensku (þar af 10 á þrepi 2 og 10 á þrepi 3),
- 20 fein. í íslensku (þar af 10 á þrepi 2 og 10 á þrepi 3)
- 10 fein. í stærðfræði (á þrepi 2/3).
- 5 fein. í norðurlandamáli (á þrepi 2),
- 10 fein. í sögu (a.m.k. 5 á þrepi 2),
- 10 fein. í félagsvísindagreinum (á þrepi 1, 2 eða 3),
- 10 fein. í náttúrufræðigreinum (á þrepi 1, 2 eða 3),
- 15 fein í einhverri af eftirtöldum greinum, þriðja máli, listgreinum, íþróttافرæðigreinum, starfsnámsgreinum eða stærðfræði og raungreinum (á þrepi 1, 2 og 3).

TILLAGA HÍ AÐ KJARNA STÚDENTSPRÓFSGREINA (FRÁ 2017)





- Íslensk stúdentspróf skulu svara til þeirra krafna sem að jafnaði eru gerðar til undirbúnings háskólanáms á Norðurlöndum. Það skuli vera tryggt að íslenskt stúdentspróf veiti áfram aðgang að háskólum á Norðurlöndunum og jafnframt góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi hvarvetna.
- Ekki er lengur tryggt að íslensk stúdentspróf uppfylli þær almennu kröfur sem gerðar eru til nemenda á hinum Norðurlöndunum.

TEKIÐ SKAL MIÐ AF KRÖFUM Á HINUM NORÐURLÖNDUNUM





Danmörk	Noregur	Finnland	Svíþjóð
Móðurmál	Móðurmál	Móðurmál	Móðurmál
Enska	Enska	Enska	Enska
Stærðfræði	Stærðfræði	Stærðfræði	Stærðfræði
Náttúruvísindi	Náttúruvísindi	Náttúruvísindi	Náttúruvísindi
Félagsvísindi	Félagsvísindi	Félagsvísindi	Félagsvísindi
Saga	Saga	Hugvísindi	Saga
Trúarbrögð		Trúarbrögð/siðfr.	Trúarbrögð
Íþróttir		Íþróttir	Íþróttir
Listir		Listir	
Þriðja mál		Þriðja mál	
Eðlisfræði		Sænska/Finnska	
Klassísk fræði			

KJARNI STÚDENTSPRÓFA Á HINUM NORÐURLÖNDUNUM (2017)



- Nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi en óska eftir undanþágu frá inntökuskilyrðum við norska háskóla þurfa að hafa lokið:

Móðurmál 25 feiningar

Enska 15 feiningar

Stærðfræði 10 feiningar

Náttúruvísindi 15 feiningar

Saga 10 feiningar

Félagsvísindi 5 feiningar

- Einungis 15% þeirra 94 námsbrauta til stúdentsprófs sem staðfestar höfðu verið í maí 2017 innihéldu þennan kjarna sem þarf til þess að geta fengið undanþágu frá kröfunni um stúdentspróf.



UNDANÞÁGUSKILYRÐI HJÁ NORSKUM HÁSKÓLUM
VS. KJARNI ÍSLENSKRA STÚDENTSPRÓFA



- Á hinum Norðurlöndunum er gerður greinamunur á prófum sem veita almennan aðgang að háskólum og prófum sem veita afmarkaðan aðgang.
- Rík krafa er gerð um undirbúning í móðurmáli og ensku í báðum tilvikum, en minni kröfur um almennt nám í þeim prófum sem veita afmarkaðan aðgang.



- Þrjú inntökugluggar. Hver deild ákveður fyrir sig hvaða gluggar verða opnir:

Gluggi 1 Stúdentspróf - Háskólabróú/Háskólagrunnur/Háskólagátt.

Gluggi 2 Önnur próf af þriðja þrepi (s.s. sveinspróf, listnámsbrautir, íþróttabrautir).
Skyldukjarni: 20 feiningar í íslensku, þar af a.m.k. 10 fein á þrepi 3, 20 feiningar í ensku, þar af a.m.k. 10 fein á þrepi 3, 5 fein í stærðfræði a.m.k. á þrepi 2, 5 feiningar í raungreinum eða 5 feiningar í samfélagsgreinum.

Gluggi 3 Undanþága. A.m.k. 25 ára aldur, með a.m.k. 140 feiningar (eða 100 einingar í gamla kerfinu) og fimm ára starfsreynslu, deildir skilgreina feiningar í skyldukjarna.



HÁSKÓLI ÍSLANDS